

Malbikstöðin ehf.

Grænt bókhald 2022



MALBIKSTÖÐIN

1. Yfirlýsing fyrirtækis	2
2. Áritun endurskoðanda græns bókhalds.....	3
3. Fyrirtækið	4
Fyrirtækið er með vottað:	4
4. Gæða- og Umhverfisstefna	6
5. Umhverfismarkmið	7
6. Hráefnis og auðlindanotkun	8
7. Áhrifaþættir og losun	9
7.1 Losun efna í andrúmsloftið	9
7.2 Hreinsun á ofanvatni og olíuskiljur	10
7.3 Magn úrgangs og spilliefna	10

I. Yfirlýsing fyrirtækis

Stjórn Malbikstöðvarinnar ehf kt. 700402-7890, lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu séu rétt unnar og gerðar eftir bestu vitund starfsmanna úr bókhaldsgögnum félagsins.

Mosfellsbær dags: 30.maí 2023

Fyrir hönd stjórnar Malbikstöðvarinnar ehf.



Vilhjálmur Þór Matthíasson
Malbikstöðin ehf
Koparsléttu 6-8
162 Reykjavík
Kt.: 700402-7890

2. Áritun endurskoðanda græns bókhalds

Ég hef yfirfarið upplýsingar sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald Malbikstöðvarinnar fyrir árið 2022 í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Skoðunin felur í sér athuganir á gögnum til að sannreyna þær tölulegu upplýsingar sem fram koma í græna bókhaldinu.

Eftir yfirferð á gögnum er það álit mitt að græna bókhaldið sé í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 851/2002 og upplýsingar í fjárhagsbókhaldi Malbikstöðvarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.



Katrín Blöndal, efnaverkfræðingur Ph.D.

3. Fyrirtækið

Malbikstöðin ehf

Flugumýri 26
270 Mosfellsbær
Kt.: 540504-4660

Forstjóri / ábyrgðaraðili:	Vilhjálmur Þór Matthíasson
Fyrirtækjaflokkur:	6.11 Olúmalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
Gildistími starfsleyfis:	03.06.2020 - 03.06.2036
Nafn útgefanda starfsleyfis:	Umhverfisstofnun, Gottskálk Friðgeirsson
Tímabil græns bókhalds	01.01.2022 – 31.12.2022

Fyrirtækið Malbikstöðin ehf. hefur tvær starfstöðvar:

- Verkstæði og vinnuflokkar gera út frá Flugumýri 26, 270 Mosfellsbæ
- Framleiðsla á malbiki fer fram á Koparsléttu 6-8, 162 Reykjavík.

Fyrirtækið er með vottað:

- Umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 14001
- Gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ISO 9001
- Jafnlaunakerfi í samræmi við ÍST-85
- Framleiðslustýringu í samræmi við EN-13108 og þar með leyfi til CE merkingar á framleiddu malbiki.

Fyrirtækið Malbikstöðin ehf. samanstendur í dag af samruna á verktakafyrirtækinu Fagverk verktökum ehf og malbiksframleiðslu Malbikstöðvarinnar ehf.

Í tengslum við þessa breytingu hefur verið gefið út endurnýjað starfsleyfi. Starfsleyfi fyrirtækisins sem upphaflega var gefið út þann 3. júní 2020, fyrir Malbikstöðina ehf., kt. 700402-7890, var fært þann 10. febrúar 2022 yfir á nýjan rekstraraðila, Malbikstöðina ehf., kt. 540504-4660. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færðust með þessu til Malbikstöðvarinnar ehf., kt. 540504-4660.

Malbikstöðin framleiðir hráefni til malbiksframkvæmda með áherslu á gæði, þjónustu og umhverfissjónarmið. Með nýjum búnaði, virku gæðakerfi og eftirfylgni utanaðkomandi sérfræðinga tryggir Malbikstöðin að áherslur fyrirtækisins séu hafðar að leiðarljósi.

Malbikstöðin er leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu malbiks á Íslandi. Nýr tækjabúnaður gerir fyrirtækinu kleift að framleiða malbik með háu hlutfalli af endurunnu malbiki. Umhverfisstefna fyrirtækisins miðar að því að draga enn frekar úr kolefnislosun við framleiðslu á malbiki með því að skipta út dísilolíu fyrir metan við framleiðslu malbiks.

Malbikstöðin hefur sett sér umhverfismarkmið fyrir fyrstu starfsár fyrirtækisins og ná þau einnig til einstakra verka.

Fyrirtækið hefur yfir að ráða rannsóknarstofu í tengslum fyrir framleiðslu sína og eru allar rannsóknir skjalfestar tryggilega. Rekstur rannsóknarstofu og stöðug þjálfun starfsfólks er stór liður í að tryggja gæði og einsleitni framleiðslunnar.

4. Gæða- og Umhverfisstefna

Malbikstöðin hf. byggir starfsemi sína á áralangri persónulegri þjónustu við viðskiptavinum sínum þar sem traust, fagleg vinnubrögð og þjónusta einkenna samskipti. Fyrirtækið starfrækir malbikunarstöð að Esjumelum þar sem framleiðsla og endurvinnsla á malbiki á sér stað, starfstöð í Flugumýri, vinnuflokka við viðgerðir og lagningar á malbiki.

Starfsmenn Malbikstöðvarinnar leggja metnað sinn í fagleg vinnubrögð og eru lausnarmiðaðir þegar kemur að samvinnu við hagsmunaaðila. Með eftirfylgni og vöktun á ytri kröfum og skilgreindum umhverfisáhrifum ásamt reglulegum áhættugreiningum er stutt við markmið fyrirtækisins um lágmörkun umhverfisáhrifa og öruggan vinnustað:

- Að tryggja að innra eftirlit og mælingar gæða- og umhverfispátta séu framkvæmd með réttum hætti og að fylgst sé með virkni vöktunarbúnaðar.
- Að hefja skráningar og vöktun á gæða- og umhverfispáttum sem verða grunnur að mælingum á árangri.
- Að tryggja að meðferð og nýting hráefna sé góð.
- Að skilgreina, vakta og fylgja viðeigandi ytri kröfum.
- Að vinna stöðugt að umbótum og hagræðingu á gæðum starfseminnar.
- Að vinna stöðugt að takmörkun á umhverfisáhrifum starfsemi fyrirtækisins.
- Að vakta og vinna með hagsmunaaðilum að aukinni endurvinnslu hráefna.



Vilhjálmur Þór Matthíasson

Mosfellsbæ 16.03.2022

5. Umhverfismarkmið

Malbikstöðin hefur sett umhverfismarkmið fyrir fyrstu starfsár fyrirtækisins, árin 2020-2023:

- Að tryggja að innra eftirlit og mælingar umhverfisþátta séu framkvæmd með réttum hætti og að fylgst sé með virkni vöktunarbúnaðar.
- Að hefja skráningar og vöktun á umhverfisþáttum sem verða grunnur að mælingum á árangri.
- Að tryggja að meðferð og nýting hráefna sé góð.
- Að vakta mótvægisáðgerðir við foki á efnum og fylgjast með virkni þeirra.
- Að umgengni á starfssvæðinu sé góð, meðhöndlun og notkun hráefna sé ábyrg og unnið verði samkvæmt verklagsreglum.

Malbikstöðin hefur hafið vinnu við að reikna út kolefnisspor á framleiðsluvörum, skv. staðli ISO 14067. Fyrir liggur EPD umhverfisyfirlýsing fyrir algenga vöru í samræmi við staðal ISO 14025 og staðfest af óháðum aðila. Samkvæmt EPD er kolefnisspor vörunnar 60,9 kg CO₂eq fyrir framleiðslu á 1000 kg af vörunni á viðmiðunarárinu 2021 .

Það er stefna Malbikstöðvarinnar að vinna áfram við gerð umhverfisyfirlýsinga fyrir fleiri vörutegundir.

Umhverfisstefna fyrirtækisins miðar að því að draga enn frekar úr kolefnislosun við framleiðslu á malbiki með því að skipta út dísilolíu fyrir metan við framleiðslu malbiks. Verið er að koma fyrir búnaði til að geta framleitt í lotum malbik með notkun metans í stað olíu sem hefur í för með sér stórlega minnkun á kolefnisfótspori framleiðslunnar þar sem notkun á metangasi er svo til kolefnishlutlaus¹.

Malbikstöðin fylgist vel með þróun á vistvænum orkugjöfum og framboði á farartækjum og vinnuvélum á íslenska markaðnum, fyrirtækið stefnir á að fjölga flokkabílum og vörubifreiðum sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum.

¹ Samkvæmt upplýsingum frá SORPU er gert ráð fyrir að metan unnið úr hauggasi hafi enga losun við bruna og má því áætla að fyrir hvern Nm³ af metan sem er notaður í staðin fyrir dísil sparist 2,72 kgCO₂ ígildi

6. Hráefnis og auðlindanotkun

Hráefna og auðlindanotkun Malbikstöðvarinnar á árinu 2022 sýnir helstu tegundir hráefna sem notuð hafa verið við gangsetningu á stöðinni. Búnaður stöðvarinnar var fluttur til landsins í upphafi ársins 2020 og hófst framleiðsla seinni hluta sama árs. Starfsleyfi var gefið út í júní 2020.

<i>Tegund</i>	<i>Hvar í fyrirtækinu</i>	<i>Magn²2022</i>	<i>Mælikvarði</i>
Raforka	Mótorar, hitaelement og verkstæði	+ 8 %	kWh
Vélaolía-lituð	Þurrkari og vinnuvélar	+ 79 %	Lítrar
Steinefni	Innlent steinefni í framleiðslu	+ 29 %	Tonn
Steinefni	Innflutt steinefni í framleiðslu	+ 52 %	Tonn
Bik	Innflutt bik í framleiðslu	+ 50 %	Tonn
Kalt vatn	Koparslétta 2-6	- 46%	m ³
Heitt vatn	Koparslétta 2-6	+25%	m ³

² Hlutfallsleg aukning / minnkun frá árinu 2021

7. Áhrifapættir og losun

7.1 Losun efna í andrúmsloftið

Mælingar í útblæstri frá reykháfi á malbikunarstöð Malbikstöðvarinnar á Esjumelum var framkvæmd 27. október 2022 af starfsmönnum Verkís hf. Síur voru vigtaðar og þurrkaðar hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf. Í Reykjavík. XAD gildra með ísogsefni var send í greiningu hjá Rannsóknarþjónustunni Maxxam Analytics í Kanada.

Rannsóknarniðurstöður mælinga voru móttæknar í desember 2022 og sýndu þær tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rykmagn í útblæstri og PAH efni reyndust umfram leyfileg losunarmörk og þar af leiðandi skráð sem frávik hjá Umhverfisstofnun. Úrbótaáætlun samþykkt af Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir lagfæringum á búnaði og endurteknum útblástursmælingum fyrir 1. júní 2023.

Mælipáttur	Losunarmörk klst. meðaltal	Niðurstaða ³
Rykmagn í útblæstri	50 mg/Nm ³	Frávik
Kolmónoxíð CO	500 mg/Nm ³	Í lagi
Köfnunaroxíð NO _x sem NO ₂	400 mg/Nm ³	Í lagi
PAH	0,002 mg/Nm ³	Frávik

Útstreymishraði úr skorsteini	20 m/sek	Í lagi
-------------------------------	----------	--------

Nýjar mælingar hafa verið framkvæmdar af VERKÍS í byrjun maí 2023. Sýni voru send til skoðunar erlendis. Niðurstöður útblástursmælinga verða sendar til UST um leið og þær liggja fyrir.

³ Skýrsla Verkís nr.9 / dags: 29.12.2022 (afrit hefur verið sent til UST.)

7.2 Hreinsun á ofanvatni og olúskiljur

Sett hefur verið upp sambyggð sand- og olúskilja ásamt sandfangi til að hreinsa ofanvatn. Olúskiljur eru í afrennsli af svæðum við olúgeyma. Komið hefur verið á vöktun og mælingu á sandfangi og olúskiljum.

7.3 Magn úrgangs og spilliefna

Allt sorp frá starfstöð Malbikstöðvarinnar við Koparsléttu er meðhöndlað í samvinnu við endurvinnslu og sorphirðufyrirtæki svæðisins. Mælingar á flokkunarhlutfalli og magni eru gerðar af þjónustuaðila sem upplýsir um niðurstöður reglulega. Reynt er að fastsetja grunnildi fyrir flokkun á sorpi og magni spilliefna frá starfsárinu 2022.

	<i>Tegund</i>	<i>Magn</i>	<i>Mælikvarði</i>
	Grófur úrgangur	2.220	kg
	Hreint timbur	760	kg
	Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu	4.200	kg
	Málmar til endurvinnslu	3.940	kg
	Jarðvegur	260	kg
	Grænt efni til endurvinnslu	530	kg
	Spilliefni	Engin tæming.	